



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 21. júní 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata, auk þess lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2017, um beiðni um breytingu á fyrri samþykkt skóla- og frístundaráðs varðandi rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta vegna leikskólans Mánagarðs. Jafnframt lagt fram bréf Félagsstofnunar stúdenta, dags. 19. júní 2017, ósk um breytt rekstrarleyfi og aukið framlag:

Lagt er til að gerð verði breyting á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 5. apríl 2017 og borgarráðs frá 27. apríl 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs. Miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 128 í stað 68 frá 1. desember 2017 eða síðar ef rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunarinnar liggur ekki fyrir á þeim tíma. Ekki taki gildi heimild til greiðslu framlags vegna 98 barna í stað 68 barna þann 1. september 2017 vegna aðstæðna er varða Félagsstofnun stúdenta. Gerður er fyrirvari um að Félagsstofnun stúdenta fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 19. maí 2010, þar sem kveðið er á um fjölgun barna þegar framangreindu skilyrði um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið fullnægt.

Greinargerð fylgir.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 19. júní 2017
Greinargerð
Bréf Félagsstofnunar stúdenta, dags. 19. júní 2017



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um breytingu á fyrri samþykkt skóla- og frístundaráðs varðandi rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta vegna leikskólans Mánagarðs.

Á 117. fundi skóla- og frístundaráðs þann 5. apríl 2017 og í borgarráði þann 27. apríl 2017 var samþykkt eftirfarandi:


Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 98 í stað 68 frá 1. september 2017 eða síðar ef rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunarinnar liggur ekki fyrir á þeim tíma. Gerður er fyrirvari um að Félagsstofnun stúdenta fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 19. maí 2010, þar sem kveðið er á um fjölgun barna þegar framangreindu skilyrði um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið fullnægt.

Nú þegar gróf framkvæmdaáætlun vegna stækkunar leikskólans Mánagarðs liggur fyrir mun vera ljóst að fyrri áætlun stenst ekki tímasetningar. Einnig er talið að ekki sé gerlegt að taka fyrirhugaða breytingu í tveimur áföngum, eins og áður var ákveðið, þar sem það hefði truflandi áhrif á börnin sem fyrir dvelja í leikskólanum.

Með vísan til framangreinds hefur Félagsstofnun stúdenta vegna Mánagarðs óskað eftir því að í stað þess að heimilt verði að greiða framlag vegna 30 barna til viðbótar við núgildandi heimild, 68 börn, frá 1. september 2017 til samræmis við það sem þegar hefur verið samþykkt heldur verði samþykkt að heimilað verði að greiða framlag vegna 60 barna frá 1. desember nk. en þá er gert ráð fyrir að stækkun leikskólans verði lokið og rekstrarleyfi liggi fyrir.

Gert var ráð fyrir að framlag vegna 30 barna næmi kr. 24.881.444 á árinu 2017. Breytingin leiðir til þess að greiddar verða kr. 12.440.722 vegna 60 barna í einn mánuð á árinu 2017.

Kostnaður við greiðslu framlags vegna 60 barna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs er á ársgrundvelli kr. 136.848.000.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 19. júní 2017

Efni: Leikskólinn Mánagarður – ósk um breytt rekstrarleyfi og aukið framlag.

Með vísan í bréf dagsett 11. apríl þar sem tilkynnt var um samþykkt þess að að heimilt framlag reykískra barna á leikskólanum Mánagarði yrði breytt með þeim hætti að að fjöldi barna gæti orðið 98 í stað 68 frá 1. september 2017 eða síðar að fengnu rekstrarleyfi.

Vonir stóðu til þess að hægt yrði að fjölga börnum um 60 í tveimur áföngum og var litið svo á að með ofangreindu samþykki væri hægt að ráðast í framkvæmdir fyrri áfanga stækkunarinnar.

Frá því í apríl hefur verið unnið að hönnun og skipulagningu stækkunarinnar. Nú þegar sú vinna er langt komin er okkur ljóst að það er ekki gerlegt að taka þessa stækkun í tveimur skrefum. Framkvæmdir og rask gera það ókleift að halda uppi eðlilegu leikskólastarfi og er þess hér með óskað að fjölgun barna fari úr 68 í 128 í einum áfanga.

Hönnun viðbyggingar er á lokastigi og stefnt er að því að skila aðalteikningum til byggingarfulltrúa í þessari viku. Búið er að segja upp leigusamningum íbúða á jarðhæð Eggertsgötu 30-32. Þær íbúðir losna úr leigu 1. september og þá verður hafist handa við að innrétta þær upp á nýtt. Samhliða því verður viðbyggingin reist.

Gróf framkvæmdaáætlun liggur nú fyrir. Hún sýnir að við getum framkvæmt þetta í einum áfanga og tekið við börnum í desember 2017. Ef ekki koma athugasemdir frá byggingarfulltrúa verður framkvæmdin sett í gang og miðast hún við þann tímaramma.

Virðingarfyllst,

Guðrún Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri FS

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að gerð verði breyting á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 5. apríl 2017 og borgarráðs frá 27. apríl 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs. Miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 128 í stað 68 frá 1. desember 2017 eða síðar ef rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunarinnar liggur ekki fyrir á þeim tíma. Ekki taki gildi heimild til greiðslu framlags vegna 98 barna í stað 68 barna þann 1. september 2017 vegna aðstæðna er varða Félagsstofnun stúdenta. Gerður er fyrirvari um að Félagsstofnun stúdenta fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 19. maí 2010, þar sem kveðið er á um fjölgun barna þegar framangreindu skilyrði um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið fullnægt.

Greinargerð:

Á 117. fundi skóla- og frístundaráðs þann 5. apríl 2017 og í borgarráði þann 27. apríl 2017 var samþykkt að heimilað yrði að greiða framlag vegna 98 barna í stað 68 frá 1. september 2017 eða síðar ef rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunarinnar liggur ekki fyrir á þeim tíma. Með vísan til upplýsinga frá Félagsstofnun stúdenta um breyttar forsendur er lagt til að gerð verði breyting á fyrri samþykkt og að ekki verði heimilt að greiða framlag vegna 98 barna í stað 68 frá 1. september 2017 heldur verði heimilað að greiða framlag vegna 128 barna í stað 68 frá 1. desember 2017. Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 19. júní 2017.



Beiðni vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2017

Til: Borgarstjóra

Nr. máls*: _____

Frá: _Skóla og frístundasvið

Nr. viðauka*: _____

*(fyllist út af skrifstofu borgarstjórnar)

Efni: Tillaga um aukna fjárheimild vegna fjölgunar barna Mánagarði, leikskóla Félagsst. stúdenta

Sjá meðf. tillögu, samþykkt SFS ráðs. minnisblað og bréf frá FS.

Tillagan felur í sér að fjárheimildir sviðsins árið 2017 hækki um _12,440,722 kr.

- Tillagan felur í sér skuldbindingu til framtíðar sem þýðir að árlegur kostnaður hækkar/lækkar um 136.848.000kr.
- Tillagan felur ekki í sér skuldbindingu til framtíðar.

Breytingin hefur áhrif á eftirfarandi kostnaðarstaði:

Kostn.st. 0143 kr. _____

Kostn.st. _____ kr. _____

.....

Eftirtalin gögn eru meðfylgjandi:

- Erindi sviðsstjóra til borgarráðs (þar sem fram kemur afgreiðsla fagráðs)
- Tillaga fagsviðs ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun og áhrifum á fjárheimildir
- Jafnréttismat
- Umsögn fjármálaskrifstofu um jafnréttismat
- Aðrar umsagnir: frá _____
- Önnur gögn: _____


Helgi Grímsson

sviðsstjóri SFS



Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri **áherslu á að jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangsröðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

Niðurstöður Jafnréttismats

SFS:

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð: 12.440.722

I. Hver er tillagan? Fjölgun barna í leiskólanum Mánagarði – Félagsstofnun stúdenta		
II. Hvert er markmiðið með tillögunni? Að mæta aukinni þörf fyrir vegna stækkunar húsnæðis.		
III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa? Jöfn kynjaáhrif og auknir möguleikar fyrir námsmenn á leikskólaplássi		
Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta. Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: <ul style="list-style-type: none">▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna? - Jöfn▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna? – Börn námsmanna▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif? Bætt þjónusta▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum? Jöfn▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja? Sama upphæð óháð kyni.▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa? Jafnt▪ Skarast mismunun á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar? Nei		
IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)		
<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
<input type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input checked="" type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun	
V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?		

<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti kynjanna<input type="checkbox"/> Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa<input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna<input type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa<input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti kynja<input checked="" type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa	Rökstuðningur:
---	----------------